

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þýðingarsjóð, nr. 638/1982.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnar.

Semja skal við einhvern bankanna um vörslu sjóðsins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. mars 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Banna hægri beygju á mótum Höfðabakka og Bæjarháls.
2. Afnema einstefnu á Bíldshöfða vestan Rafstöðvarvegjar.
3. Biðskylda verði á mótum Grjótháls og tengivegar frá Vesturlandsvegi, vestan bensínstöðvar Shell.

Auglýsing þessi tekur gildi 2. apríl 1992.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. mars 1992.

Böðvar Bragason.